

Nr. 144 / 11 Skogafoss**Skipverji slasast á höfði**

IMO.nr. 9375252
Fánaríki Antigua & Barbuda
Smíðaður: Kína 2007, stál
Stærð: 7.545 BT
Mesta lengd: 130 m
Breidd: 20 m
Vél:
Fjöldi skipverja:



Skogafoss©Hilmar Snorrason

Gögn:
Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. október 2011 var Skogafoss við bryggju í Sortland Noregi.

Skipverji var að vinna við lestun og ætlaði að ná í gámaskó sem hafði færst úr sæti á þilfarinu. Þegar hann beygði sig fór hann með höfuðið á milli gámsins sem átti að koma fyrir og annars gáms við hliðina á honum. Þegar skipverjinn fann hvernig gámurinn klemmdi að hjálmi hans reif hann sig lausan áður en hjálmurinn brotnaði. Skipverjinn var sendur til læknis vegna áverka sem hann hlaut en þeir reyndust vera minniháttar.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að koma úr landi og var með hjólreiðarhjálmi. Hann hafði séð að þeir sem voru að vinna við gáminn voru í vandræðum og hljóp til að hjálpa þeim. Hann taldi hjálminn hafa bjargað sér;
- að skipverjinn kvað það hafa verið athugunarleysi hjá sér að fara með höfuðið á sér í þessa stöðu.

Nefndarálit:

Ástæða óhappsins er aðgæsluleysi skipverjans.